

**Fundargerð 15. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þriðjudaginn 18. ágúst 2015 kl. 10.00**

**Dagskrá:**

1. Sóknaráætlanir landshluta
2. Byggðaáætlun - nútíð og framtíð
3. Fundir með landshlutasamtökum sveitarfélaga
4. Næsti fundur stýrihóps
5. Önnur mál

**Mættir:** Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Karl Björnsdóttir (sambandinu), Pétur Berg Matthíasson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN), Árni Ragnarsson (Byggðastofnun) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá var Aðalsteinn Óskarsson (landshlutasamtökunum) með á símafundi frá Ísafirði (frá kl. 10.40).

**Fjarverandi:** Héðinn Unnsteinsson (FOR), Inga Birna Einarsdóttir (VEL), Þór G. Þórarinsson (VEL) og Þórarinn V. Sólmundarson (MMR).

Formaður setti fundinn og greindi frá að Þór G. Þórarinsson hefði verið skipaður sem fulltrúi félagsmálaráðherra í stýrihópinn.

Fundargerð 14. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Sóknaráætlanir landshluta**

Landshlutasamtök sveitarfélaga skiluðu öll sóknaráætlunum fyrir tilsettan tímafrest, sem var 1. júlí sl. Fjallað var um sóknaráætlanirnar, en stýrihópurinn fékk þær sendar þegar þær bárust verkefnisstjóra. Almennt eru áætlunirnar ágætlega unnar, þó að í einhverjum tilvikum mætti betrumbæta eða skerpa á. Allir landshlutar gera ráð fyrir að endurskoða sínar sóknaráætlanir innan árs og með hliðsjón af því gerir stýrihópurinn ekki alvarlegar athugasemdir við að samráðsvettvangar hafa ekki verið kallaðir saman með formlegum hætti í öllum landshlutum.

Þrír landshlutar eiga eftir að skila inn upplýsingum um áhersluverkefni og var verkefnisstjóra falið að kalla eftir þeim upplýsingum fyrir næsta fund stýrihóps.

Aðalsteinn kom á fundinn, gegnum síma frá Ísafirði, kl. 10.40.

**2. Byggðaáætlun - nútíð og framtíð**

Formaður greindi frá því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mun á komandi þingi flytja Alþingi skýrslu um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2014-2017. Byggðaáætlunin samanstendur af 14 markmiðum og alls 43 aðgerðum. Á síðasta fundi stýrihóps gerði Snorri Björn grein fyrir aðgerðum sem Byggðastofnun ber ábyrgð á eða er þátttakandi í.

Formaður dreifði excelskjali þar sem aðgerðir byggðaáætlunar eru upplistaðar, ásamt upplýsingum um ábyrgðaraðila. Óskaði formaður eftir því að fulltrúar stýrihópsins tækju að sér að kalla eftir upplýsingum um stöðu hvernar aðgerðar frá ábyrgðaraðilum innan hvers ráðuneytis. Upplýsingar þurfa að berast fyrir 15. september nk.

Gert er ráð fyrir að undirbúningur að gerð nýrrar byggðaáætlunar hefjist í haust. Rætt var stuttlega um fyrirkomulag þeirrar vinnu og hvert hlutverk stýrihópsins verður. Stýrihópurinn sammála um að sóknaráætlanir og vinnan bak við þær verði gott innlegg í þá vinnu.

### **3. Fundir með landshlutasamtökum sveitarfélaga**

Verkefnisstjóri dreifði tillögu að fundaráætlun stýrihóps með fulltrúum landshlutanna. Gert er ráð fyrir að allir fundirnir fari fram í september. Verkefnisstjóra falið að fastsetja fundina og senda út fundarboð. Tilgangur fundanna er að fara yfir sóknaráætlun hvers landshluta og að efna til umræðna um sóknaráætlanir almennt þar sem farið verður yfir með hreinskiptum hætti hvernig til hefur tekist hingað til og hvernig þátttakendur vilja sjá sóknaráætlanir þróast, meðal annars með hliðsjón af nýjum lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir og hvernig tengja má sóknaráætlanir við næstu byggðaáætlun.

Framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna bera ábyrgð á að boða sitt fólk. Stýrihópurinn er sammála um að æskilegt sé að þeir starfsmenn sem koma að framkvæmd sóknaráætlunar taki þátt í fundinum, sem og stjórnir landshlutasamtakanna. Frá stýrihópnum mæta þeir sem eiga heimangengt hverju sinni og munu formaður og verkefnisstjóri mæta á alla fundina.

### **4. Næsti fundur stýrihóps**

Ákveðið að næsti fundur stýrihóps verði þriðjudaginn 1. september nk. kl. 10.15-12.15 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

### **5. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.40.